

Reykjavíkurborg
b.t. borgarstjóra
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. júní 2018
Tilvísun: 2018050831VS/--

Efni: Tilkynning um frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga úr kjörskrá og rannsókn á kosningabáttöku, samhliða framkvæmd borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í maí 2018

I.

Fyrri samskipti

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta í tilefni af erindi Reykjavíkurborgar frá 3. maí 2018, þar sem óskað var eftir heimild Persónuverndar til að upplýsa unga kjósendur með smáskilaboðum um kosningarétt þeirra, staðsetningu kjörstaða og fyrirkomulag kosninga fyrir komandi borgarstjórnarkosningar, og bréfaskipta í kjölfarið.

Í bréfi Persónuverndar, dagsettu 14. maí 2018, kom fram að sú vinnsla, sem í erindi Reykjavíkurborgar greindi, væri ekki leyfisskyld en veittar voru leiðbeiningar sem lutu að því að öll vinnsla persónuupplýsinga þurfi að samrýmast lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í símtali starfsmanns Persónuverndar og mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar síðar þann sama dag kom fram af hálfu borgarinnar að auk smáskilaboða yrðu ungum kjósendum send bréf sem þáttur í rannsókn á kosningabáttöku eftir hverfum. Um ferns konar bréf yrði að ræða og yrði ein tegund þeirra send þeim sem byggju í tilteknu hverfi, önnur þeim sem byggju í öðru hverfi o.s.frv. Sendi Persónuvernd borginni samdægurs bréf þar sem óskað var eftir umræddum bréfum og öllum þeim gögnum öðrum sem málið vörðuðu. Þá óskaði Persónuvernd þess að upplýst yrði hvert fyrirhugað væri að senda hverja tegund af bréfum.

Hinn 17. maí síðastliðinn sendi mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar Persónuvernd þau fjögur bréf sem að framan greinir og lista yfir kjördeildir í Reykjavík þar sem fram kom hvaða bréf fyrirhugað væri að kjósendur í hvaða kjördeild fengu. Einnig kom fram að ungom kjósendum yrði skipt í fimm hópa og að tilviljun réði því hvernig hóparnir röðuðust. Kjósendur í einstökum kjördeildum fengu allir sömu tegund af bréfi og yrði hvert bréf að jafnaði sent kjósendum í einhverri kjördeildanna á hverjum kjörstað en kjósendur í sumum kjördeildum fengu ekki bréf. Eftir kosningar yrðu upplýsingar um hvaða kjósendur, þ.e. hvaða kjördeilda, fengu hvaða bréf og hverjir fengu ekki bréf, keyrðar saman við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um kosningabáttöku hlutaðeigandi hópa eftir kjördeildum. Þá kom fram að þetta væri þáttur í rannsókn sem Háskóli Íslands ynni að og að hún hafi hlotið jákvæða umsögn vísindasíðanefndar Háskólans. Í rannsókninni fælist að Hagstofa Íslands tæki saman eftir kosningar heildarkjörsókn ungra kjósenda innan hveurrar kjördeildar, en rannsakendur og Reykjavíkurborg hefðu á engu stigi rannsóknað persónugreinanlegar upplýsingar um kjörsókn undir höndum.

Með bréfi Persónuverndar til mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dagsettu 18. maí 2018, var meðal annars áréttað að vinnsla persónuupplýsinga úr kjörskrá, eins og um ræddi í erindum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, teldist til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000 og að öll vinnsla persónuupplýsinga þurfi að byggja á heimild í 8. gr. laganna, sem og að samrýmast grunnreglum 7. gr. laganna. Þá var vísað til þess að í frétt Ríkisútvarpsins 15. maí síðastliðinn hefði komið fram að Reykjavíkurborg ráðgerði aðgerðir til að auka kosningabáttöku innflytjenda og kvenna yfir áttæðu. Áréttaði Persónuvernd að engar upplýsingar eða gögn, sem lytu að bréfsendingum til innflytjenda og kvenna yfir áttæðu, hefðu borist Persónuvernd. Loks óskaði Persónuvernd eftir að stofnuninni yrðu send öll gögn sem málið vörðuðu.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar sendi Persónuvernd, í tölvupósti 19. maí síðastliðinn, þau bréf sem fóru til kvenna 80 ára og eldri og til þeirra innflytjenda sem fengið höfðu kosningarétt frá síðustu borgarstjórnarkosningum. Kvað mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar að mistök hafi valdið því að Persónuvernd hafi ekki borist þau bréf fyrr.

Í bréfi frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dagsettu 22. maí 2018, kom fram að bréfsendingar til kvenna 80 ára og eldri og til innflytjenda væru ekki hluti af þeirri rannsókn sem greint hefði verið frá í fyrrgreindu símtali 14. maí og bréfi Reykjavíkurborgar frá 17. sama mánaðar. Hins vegar yrðu þau smáskilaboð, sem í upphaflegu erindi greindi, aðeins send á helming ungra kjósenda og yrði sending þeirra hluti af rannsókninni. Í bréfinu kom einnig fram að við rannsóknina verði vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga um kjörsókn í höndum Hagstofu Íslands. Rannsakendur og Reykjavíkurborg muni ekki á nokkru stigi hafa persónugreinanlegar upplýsingar um kjörsókn undir höndum. Þá er í bréfinu rakið það mat sem kveðið er að fram hafi farið við að veða hagsmuni rannsakenda annars vegar og þátttakenda í rannsókninni hins vegar. Hvað varðar kröfur um gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga segir að það inngrip sem rannsóknin feli í sér sé mjög takmarkað og lúti að afmörkuðum samskiptum við kjósendur. Torvelt og kostnaðarsamt yrði að upplýsa alla þátttakendur í rannsókninni um vinnsluna auk þess sem það myndi rýra gildi niðurstaðna rannsóknarinnar.

II.

Tilfni frumkvæðisathugunar

Lákt og rakið var í framangreindum bréfum Persónuverndar þarf öll vinnsla persónuupplýsinga að, hvort tveggja, styðjast við heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og samrýmast grunnreglum 7. gr. laganna. Í bréfi Persónuverndar, dagsettu 18. maí 2018, var sérstaklega áréttað að samkvæmt kröfu 1. tölulíðar 1. mgr. þeirrar greinar skuli gæta að því við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum

og lögmætum hætti. Í því ákvæði felist meðal annars að gætt skuli að gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga gagnvart hinum skráða. Þá sagði í bréfinu að sú vinnsla sem hér um ræði feli í sér að einstaklingar séu þátttakendur í rannsókn sem fram fari samhlíða framkvæmd kosninga og geti verið til þess fallin að hafa áhrif á kosningahegðun án þess þó að hlutaðeigandi einstaklingum sé kunnugt um þátttöku sína. Taldi Persónuvernd að í því sambandi gæti sérstaklega reynt á umrætt gagnsæis킬yrði.

Fyrir liggur að smáskilaboð og bréf voru send á kjósendur í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í maí síðastliðnum í samræmi við það sem að framan er rakið. Að mati Persónuverndar hafa ekki komið fram skýr svör frá Reykjavíkurborg og rannsakendum við Háskóla Íslands hvernig sú vinnsla persónuupplýsinga sem að framan greinir samrýmist lögum nr. 77/2000, þar á meðal grunnskötum 7. gr. laganna.

Með vísan til alls þessa hefur Persónuvernd ákveðið að hefja frumkvæðisathugun, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Beinist athugin að vinnslu Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum úr kjörskrá og rannsókn á vegum Háskóla Íslands í samvinnu við Hagstofu Íslands á kosningaþátttöku samhlíða framkvæmd borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í maí 2018.


Hér með er Reykjavíkurborg, nánar tilgreindum rannsakendum við Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands, tilkynnt um framangreint og boðið að koma á framfæri andmælum til samræmis við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.


Með vísan til framangreindrar ákvörðunar um að hefja frumkvæðisathugun og 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000 óskar Persónuvernd eftir upplýsingum og skýringum frá Reykjavíkurborg um eftirfarandi:

1. Nákvæma útlístan á þætti Reykjavíkurborgar í sendingu allra bréfa og smáskilaboða til einstaklinga á kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningarnar í maí 2018 og í rannsókn tilgreindra rannsakenda við Háskóla Íslands í samvinnu við Hagstofu Íslands á kosningaþátttöku ungs fólks í kosningunum.
2. Hvernig upplýsingar um kjósendur voru unnar upp úr kjörskrá, bæði hvað varðar smáskilaboð og bréf til ungra kjósenda í tengslum við framangreinda rannsókn og hvað varðar bréf til kvenna 80 ára og eldri og innflytjenda.
3. Við hvaða heimild vinnsla samkvæmt 2. töluúli stýðst, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.
4. Hvernig sú vinnsla samrýmist ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000.
5. Hvort fræðsla hafi verið veitt hinum skráðu og hvers efnis sú fræðsla hafi verið, samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000.
6. Líkt og fram hefur komið gaf upphaflegt erindi Reykjavíkurborgar til Persónuverndar til kynna að eins smáskilaboð og bréf yrðu send á alla unga kjósendur í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2018 og að skilaboðin og bréfin innihéldu hlutlausan texta með upplýsingum um kjörstaði og fyrirkomulag kosninga. Fyrir liggur að Persónuvernd bárust upplýsingar um fyrirhugaða rannsókn, sem ekki höfðu komið fram í upphaflegu erindi Reykjavíkurborgar, frá fjölmiðlum og í símtali við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, eftir að Persónuvernd hafði svarað erindinu. Þá kom ekki fram, hvorki í upphaflegu erindi Reykjavíkurborgar né í samskiptum í kjölfarið, að smáskilaboðin yrðu aðeins send á helming ungra kjósenda. Ekki var upplýst um það fyrir en í bréfi frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dagsettu 22. maí 2018. Óskar Persónuvernd sérstaklega eftir skýringum á því hvers vegna stofnunin var einungis upplýst um afmarkaðan þát málsins í upphaflegu erindi Reykjavíkurborgar frá 3. maí 2018 og hvers vegna ósamræmis gætti ítrekað í svörum Reykjavíkurborgar við fyrirsögunum Persónuverndar vegna málsins.

Er svara óskað fyrir 26. júní næstkomandi.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línadal


Valborg Steingrimsdóttir